



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Skrifstofa AKÍS 7.Sept 2021 kl. 19:30

Mætt: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Baldvin Hansson (BH), Aðalsteinn Símonarson (AS), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Halldór Viðar Hauksson (HH), Hanna Rún Ragnarsdóttir, Arnar Már Pálmarsson (ARM)

Fjarverandi: Fylkir Jónsson (FJ), Aron Steinn Guðmundsson (ASG), (HRR), Einar Gunnlaugsson (EG), ARM ritaði fundargerð.

1. Þáttaröð um Íslenskt mótorsport

Fulltrúar N4 mættu á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og ræddu við stjórn um áætlanir um sjónvarpsþáttaröð um Íslenskt mótorsport sem er í bígerð hjá þeim.

2. Formannafundur

Undirbúningur formannafundar er farinn af stað, meðal annars verður farið yfir reglugerðir og verkferla. Vinnufundur settur á dagsetningu 23.sept nk.

Helga Katrín, Hanna Rún og Árni taka á sig að leiða verkefni sem viðkoma verðlaunaafhendingu.

3. Umhverfisstofnun

Formaður AKÍS hefur óskað eftir fundi með forstjóra Umhverfisstofnunar en engin svör fengið við þeirri beiðni. Haldið áfram að ýta á eftir þeim fundi. Upplýst um gang mála þegar fréttir hafa borist.

4. Stig til Íslandsmeistara

Erindi barst til stjórnar varðandi stigagjöf keppanda í Íslandsmóti, formaður og framkvæmdastjóri fylgja málinu eftir.

5. Önnur mál

- **Aðgerðaráætlun vegna kynbundis eða andlegs ofbeldis.**
 - Ákveðið að fara í áframhaldandi vinnu með þá aðgerðaráætlun sem farið var með af stað 2018. Helga, Arnar og Hanna Rún fara í þá vinnu.
- **Framtíðarsýn AKÍS**
 - Bent hefur verið á að yfirfara þarf framtíðarsýn AKÍS og yfirfara framgang hennar. Athuga hvort þurfi að uppfæra hana með tilliti til framvindu.
- **Starfsmannaskortur**
 - Rætt um starfsmannaskort í íslensku mótorsporti, formaður talaði um að það stæði til að þakka sjálfboðaliðum fyrir störf sín á verðlaunaafhendingu AKÍS 20.nóvember.

Næsti fundur 21.september kl. 19:30 (Zoom)



Akstursíþróttasamband Íslands

Fundi slitið kl. 20:52